

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/172
komudagur 24.11.2004

Borgarnesi 18.11.2004

B.t. Sjávarútvegsnefndar

UMSÖGN

Erindi: Tillaga til þingsályktunar um rekstur skólaskips.

Lofsverðir tónar klingja, í þverpólitískum aðstandendum þingsályktunartillögu þessarar. Það er sem fyrirtíðarspenna friðþægingarhátíðarinnar sé snemmbúin hringd inn, skömmur fyrir aðventu, með ástríðufulri trúlofun í huga og giftingu á jólum.

Félag kvótabátaeigenda leggur afdráttarlausu blessun sína yfir þennan hjúskap, en gengur ekki á neinn hátt í guðföður-hlutverk væntanlegs afkvæmis, nema að viðhengi fáiast á tillöguna.

Það er, “að ungmenni 16-23 ára, með skipstjórnarréttindi, vélgæsluréttindi og haffæri á báta sína, sé tryggð frjáls handfæra og gildrusókn og/eða kvóti, til að spreyta sig á í greininni...”

Óbreytt tillagan, ein og sér, birtist okkur þannig, að verið sé að rétta barninu “sleikjó”, rífa hann útúr því og afhenda öðrum, sem óvart og altjént óvart, átti einkarétt á sleiknum, vegna þess að vitlaust var gefið.

Það er ljótur leikur.....

Virðingarfyllst,

F.h. Félags kvótabátaeigenda

Hermann Björn Haraldsson, form.

Sign.